

65 nefndar upphæðar, 132 kr. 24 aura, sem henni var veitt í sameiningu við Sigurbjörn
8. maí son sinn, sem kominn var á fullorðins aldur og ekki er taliun sveitlægur í Seiluhreppi.

Hreppsnefnd Seiluhrepps hefur mótmælt þessum kröfum af þeim ástæðum: 1. að styrkurinn frá 5. desbr. 1885 til 14. júní 1886 hafi verið þannig veittur, að eigi verði sjeð eða sundurgreint hvað af honum hafi komið Maríu til nota, og að ýmislegt af honum hafi verið veitt að þarflausu, 2. að meðlagið frá 14. júní 1886 til 17. maí 1887 sje reiknað hærra en hófi gegnir og 3. að of seint hafi verið sagt til styrksins eða grennslazt um framfærslusveit Maríu, svo að af því hafi leitt að hún hafi ekki verið flutt í tæka tíð til áttaha sinna.

Eptir skýrslum þeim sem fyrirleggja í málinu verð jeg að vera yður samdóma um að hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hafi ekki vanrækt svo skyldu sína að því er það snertir að krefjast endurgreiðslu á hinum veitta styrk, að hin síðasttalda ástæða verði tekin til greina frekar en gjört er í úrskurði yðar. Heldur ekki virðist fúlgan, sem lögð hefur verið með Maríu frá 14. júní 1886 til 17. maí 1887 eptir atvikum vera svo hátt reiknuð, að hún geti ólögleg talizt. En aptur á móti virðist hreppsnefnd Seiluhrepps ekki verða skylduð til að greiða annað en það, sem er áreiðanlega sannað, að jagt hafi verið fram í hennar þarfir og með því að hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps ekki hefur getað sagt með vissu hvað hún hefur greitt til hinnar þráttnefndu Maríu Guðmundsdóttur á tímabilinu frá 5. desbr. 1885 til 14. júní 1886, þar sem hin fyrri krafa hreppsnefndarinnar er af henni sjálfri viðurkend of há, og hin síðari er byggð á ágizkan einni, þá getur ekki neitt orðið ákveðið um þann hluta endurgjaldskröfunnar að þessu sinni, og eigi nema nákvæmari skýrslur komi fram.

Samkvæmt framansögðu verður því hreppsnefnd Seiluhrepps ekki í þessu máli skylduð til að greiða annað en þær 202 kr. 20 aura, sem lagðar voru í fúlgu með þráttnefndri Maríu á tímabilinu frá 14. júní 1886 til 17. maí 1887, og skal úrskurður yðar með þeirri breytingu óraskaður standa.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þókanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

66 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um kostnað við kirkjugarðshleðslu. -- Eins og yður er kunnugt, herra amtmáður, hefur alþingi
14. maí optar en einu sinni látið í ljósi, að það álitu heimildarlaust að verja fje úr landssjóði eða af tekjum dómkirkjunnar í Reykjavík til aðgjörðar eða viðhalds á kirkjugarði Reykjavíkur sóknar, heldur sje það skylda sóknarmanna að leggja til þá vinnu og það fje, sem til þessa útheimtist, og þessi skoðun alþingis virðist hafa bæði lög og landsvenju við að styðjast, sjá reglugjörð 17. júlí 1782, 15. gr. sbr. viðaukalög 12. maí 1882 og kansellibrjef 2. júní 1840.

Með því að fyrnefndur kirkjugarður er í því ásigkomulagi, að hann þarfnast bráðrar aðgjörðar, vil jeg þjónustusamlega skora á yður að tilkynna sóknarnefnd Reykjavíkur sóknar, að það eptir áðursögðu beri undir hana að annast um alla aðgjörð og viðhald kirkjugarðsins, og að hún megi ekki búast við, að neitt fje verði lagt fram í því skyni úr sjóði dómkirkjunnar.